



9. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2025 - 2026
haldinn þriðjudaginn 3. mars 2026, kl. 11:45.
haldinn í Borgartúni 27, 2. hæð

Fundinn sátu:

Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Andri M. Kristjánsson.

Forföll boðaði Kolbeinn Hólmar Stefánsson.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, 3. febrúar 2026
2. Þóknanageriðslur Félags háskólakennara, janúar 2026.
3. Kjaramál:
 - i. Samráðsnefndarfundur dags. 25. febrúar.
 - ii. HERA, fundur 25. febrúar.
 - iii. Kynning á matskerfi op. háskóla með SKM og Ríkissáttasemjara, dags. 23. febrúar og vinnufundur Greiningarsjóðs, dags. 4. febrúar sl.
4. Sameiningarnefnd Fh, FPR og FHA. Könnun og næstu skref.
5. Fréttir af BHM,
6. Kolbrún Halldórsdóttir, formaður BHM kemur á fundinn, kl. 13. Sjá tölvupóst dags. 2. mars sl. í fundargögnum.
7. Önnur mál
 - Færeyjar 2. – 4. júní 2026.
 - Aðalfundur 2026.

1. Fundargerð, 3. febrúar 2026

Fundargerðin var samþykkt með lítilsháttar leiðréttingum.

2. Þóknanageriðslur, janúar 2026

Tillaga um þóknanageriðslur Fh uppreiknaðar með launavísitölu frá janúar 2026 var í fundargögnum. Tillagan var samþykkt.

3. Kjaramál.

Baldvin sagði frá:

- Samráðsnefnd 25. febrúar sl. Nýr formaður samráðsnefndar um kjaramál Fh og HÍ verður Ragna Benedikta Garðarsóttir, sem sat fundinn. Rætt var m.a. um tillögur um greiðslu skaðvalda, rannsóknamisseri sérfræðinga, HERU, Háma oög könnun vegna nýs fyrirkomulags matarmála, launasetningu nýdoktora og reglur nýdoktoraasjóðs. Málunum er enn ekki lokið og verða rædd á næstu fundum.

- HERA. Fundur var haldinn með fulltrúum Fh og HÍ vegna HERU. Gögn eru ekki tilbúin og skoðunar hjá aðilum ytra. Einnig er unnið að fyrstu drögum að texta kerfisins í stofnanasamningi félagsins. Boðað verður fljótlega til nýs fundar vegna málsins.
- Vinnufundur Greiningarsjóðs háskólafélaganna (GH) og kynning á matskerfi op. háskóla. Baldvin sagði frá stjórnarfundum og vinnufundi GH og kynningu á matskerfi. Á stjórnarfundum GH var m.a. til umfjöllunar tilboð Hagfræðistofnunar HÍ um kaup á gögnum um arðsemi menntunar, ásamt heimasíðu og logo sjóðsins. Á vinnufundi GH í framhaldi af stjórnarfundinum kynnti Baldvin matskerfi opinberra háskóla fyrir stjórn GH, ásamt formanni og sérfræðinum BHM. Í framhaldi af þeirri kynningu var rætt um nauðsyn þess að SNR og Ríkissáttasemjara fengu kynningu á matskerfinu, vegna verkefnisins um jöfnun launa. Sá fundur var haldinn 23. febrúar síðastliðinn.

4. Sameiningarnefnd Fh, FPR og FHA

Könnun um fyrirkomulag stéttarfélagsmála fór í loftið til félagsfólks 26. febrúar síðastiðinn. Rætt um að könnunin verði opin í viku og að félagið muni senda út tvær ítrekanir.

5. Fréttir af BHM

Ármann sagði frá umræðum á síðasta formannaráðsfundi BHM.

6. Formaður BHM

Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á fundinn. Hún sagði m.a. frá því að hún eigi fund með ráðherra menningar, nýsköpunar og háskóla síðar í vikunni og óskaði eftir viðhorfum stjórnarfólks Fh til ýmissa mála til undirbúnings fundarins. M.a. var rætt um stefnu HÍ, sameiningu háskólanna, launasetningu háskólafélks og virðismat. Málin rædd og ákveðið að Kolbrún fá punkta frá stjórn félagsins fyrir fund með ráðherra.

Fundi lauk kl. 13:40 Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 7. apríl nk.